



Kópavogi, 10. október 2023
2310731/100.00 JKR

Efni: Beiðni um viljayfirlýsingu vegna kaupa Þorskahjálpar á íbúðum fyrir fatlað fólk

Undirritaður óskar eftir því að bæjarráð samþykki viljayfirlýsingu vegna kaupa Húsbyggingasjóðs Landssamtakanna Þorskahjálpar á tveimur íbúðum ætluðum til að leigja fötluðu fólki. Kaupin fara fram í gegnum gegnum stofnframlagakerfi Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

Húsbyggingasjóðurinn sér um vinnslu umsóknarinnar sem og kaupin á íbúðunum, að höfðu samráði við sveitarfélagið, og mun sjá um gerð leigusamninga við íbúa og auk alls viðhalds á húsnæðinu. Sveitarfélagið tilnefnir íbúa til að búa í íbúðunum og sér um að veita þá þjónustu sem viðkomandi íbúar þarfnast og eiga rétt á.

Kaup þessi væru afar hagkvæm leið til að fjölga húsnæðisúrræðum sveitarfélagsins fyrir fatlað fólk í samræmi við uppbyggingaráætlun Kópavogsbæjar fyrir árin 2014-2026. Ljóst er að Kópavogsbæ hefur ekki tekist að standa nægilega vel við gildandi áætlun og talsverðar tafir hafa orðið á uppbyggingu íbúðakjarnans við Kleifakór. Gert er ráð fyrir að íbúar nýrra íbúða fái þjónustu frá sértækri heimaþjónustu Velferðarsviðs sem veitir þjónustu inn á heimili fatlaðs fólks.

Fáist stofnframlagsumsóknin samþykkt, greiðir sveitarfélagið 12% af kaupverði íbúðarinnar. Sé miðað við að kaupverð hvernar íbúðar sé um 60 milljónir kr. má gera ráð fyrir að hlutur Kópavogsbæjar sé um 14,4 milljónir kr.

Virðingarfyllt,

Jón Kristján Rögnvaldsson
Skrifstofustjóri starfsstöðva og þróunar